

Fimmtudaginn 28. nóvember 1996.

Nr. 331/1995.

Sigurður Már Jónsson

(sjálfur)

gegn

Jóni Halldóri Bergssyni

(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

Ærumeiðingar. Miskabætur. Ómerking ummæla. Prentréttur. Sér-
atkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson og Stefán Már Stefánsson prófessor.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 3. október 1995. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði felldur niður.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Meðstefndu í héraði hafa ekki áfrýjað dóminum fyrir sitt leyti.

I.

Hinn 17. febrúar 1994 birtist grein um stefnda á bls. 6 í vikublaðinu Pressunni. Er greinin nafngreind þannig: „Guðrún Kristjánsdóttir ásamt Sigurði Má Jónssyni“. Áfrýjandi heldur því fram, að hann beri ekki ábyrgð á efni blaðagreinarinnar, vegna þess að nafn sitt hafi verið prentað undir hana að sér fornspurðum. Verði nafngreining þessi rakin til mistaka. Áfrýjandi kvaðst í framburði sínum fyrir héraðsdómi ekki vera höfundur greinarinnar, og hafi þáttur sinn ekki verið annar en sá að afla og tína saman gögn um það, sem kallast mætti „saka- og gjaldþrotaferill“ stefnda. Hins vegar hafi samstarfsmaður sinn, Guðrún Kristjánsdóttir, átt viðtöl við konur, sem stefndi hafi verið í tygjum við. Sé það efni ekki frá sér komið.

Áfrýjandi vísar þessu til stuðnings meðal annars til framburðar ritstjóra blaðsins. Ritstjórinn skýrði meðal annars svo frá fyrir dómi, að blaðagreinin hefði verið unnin í þrennu lagi. Í fyrsta lagi hefði verið ferillsskrá, sem áfrýjandi sá um. Kvaðst ritstjórinn vera sam-

þykkur framburði áfrýjanda um lýsingu á efni þess framlags. Í öðru lagi hefði verið um að ræða viðtöl, sem Guðrún Kristjánsdóttir átti við konur, og í þriðja lagi hefði verið svonefnd uppistöðugrein „á mína ábyrgð, af því að hún er byggð á málsgreinum og efni, sem þau skila mér, sem ég síðan tek við og umorða, umræða, felli út og bæti við“.

Guðrún Kristjánsdóttir kvaðst fyrir héraðsdómi ekki hafa samið umrædda grein, en hún hefði talað við konur þær, sem fjallað er um í greininni.

II.

Um venjur við vinnslu vikublaðsins Pressunnar segist ritstjóran-um svo frá, að reglan hafi verið sú að merkja greinar og fréttir blaðamanna, sem skrifuðu þær. Nánar aðspurður segir ritstjórinn, að sitt verkefni, er hann taki við greinum, sé að laga þær og bæta, breyta þeim eftir því, sem sér þyki best og skynsamlegast. Tilgangur blaðsins með birtingu nafns blaðamanns sé þjónusta við lesendur, svo að þeir geti metið hið ritaða efni út frá því, sem þeir hafi lesið eftir viðkomandi mann. Nöfn blaðamanna, sem hafi unnið að öflun upplýsinga við fréttir, séu einnig birt.

Ritstjórinn skýrir enn fremur svo frá, að upphafleg umræða um mál stefnda hafi farið fram á ritstjórnarfundum blaðamanna og ritstjóra. Hafi hann ákveðið að birta greinina, „eftir því sem málið vannst“.

Með ákvæðum 15. gr. laga nr. 57/1956 um prentrétt er felld refsio- og fébótaábyrgð á höfund blaðafnis, ef hann hefur nafngreint sig. Hins vegar ber ritstjóri samkvæmt sömu lagagrein ábyrgð á blaðafni, hafi enginn höfundur nafngreint sig.

Leitt er í ljós, að nafn áfrýjanda var sett undir greinina, án þess að samþykkis hans hafi verið aflað. Leggja verður til grundvallar, að áfrýjandi hafi aðeins tekið saman áður nefnda ferilsskrá um stefnda og að hún hafi einungis haft að geyma lýsingu á „saka- og gjaldprotáferli“ hans. Framburður ritstjórans styður og þessa niðurstöðu. Verður eftir atvikum að leggja til grundvallar, að svo hafi verið. Við þetta bætist, að ritstjórinn telur uppistöðugreinina sitt verk að því leyti, sem lýst hefur verið. Þegar könnuð eru ummæli þau, sem héraðsdómur telur áfrýjanda bera ábyrgð á, kemur í ljós,

að þau fjalla ekki um það efni, sem áfrýjandi tók saman eftir framansögðu.

Samkvæmt þessu hafa ekki verið færð nægjanleg rök fyrir því, að áfrýjandi beri ábyrgð á hinum umdeildu ummælum. Áfrýjandi hlutaðist ekki til um, að birt yrði leiðrétting á fyrrnefndri nafngreiningu. Það eitt getur þó ekki valdið því, að hann teljist bera ábyrgð á ummælunum.

Af þessum sökum verður héraðsdómur felldur úr gildi, að því er áfrýjanda varðar og hann sýknaður af öllum kröfum stefnanda í héraði. Rétt þykir, að hvor aðila beri sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Sigurður Már Jónsson, er sýkn af kröfum stefnda, Jóns Halldórs Bergssonar, í máli þessu.

Málkostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

S é r a t k v æ ð i Arnljóts Björnssonar

Ég tel, að niðurstaða í málinu eigi að ráðast af því, sem nú greinir: Áfrýjandi starfaði við ritstjórn blaðsins og bar stöðuheitið ritstjórnarfulltrúi. Þótt framburður ritstjóra og áðurnefnds samstarfsmanns áfrýjanda bendi til, að verulegur hluti efnis greinarinnar sé kominn frá samstarfsmanni eða -mönnum áfrýjanda, er eftir gögn-um málsins ekki unnt að aðgreina skýrt, hvert af efni hennar verður rakið til áfrýjanda. Hann vann ásamt öðrum að frétt blaðsins um stefnda og átti hlut að söfnun gagna, sem notuð voru við ritun margnefndrar greinar. Ekki kemur annað fram en hann hafi unnið eftir þeim starfsreglum, sem ritstjóri lýsir. Verður að leggja til grundvallar, að áfrýjandi hafi almennt látið viðgangast, að greinar, sem hann átti hlut að, væru merktar honum. Hann hefur ekki sýnt fram á, að hann hafi hreyft athugasemdum eða reynt að leiðrétta nafngreiningu þá, sem hann telur ranga, fyrr en í greinargerð til héraðsdóms í október 1994.

Þykir samkvæmt þessu ekki verða komist hjá því að telja hann

ábyrgan eftir ákvæði 15. gr. laga nr. 57/1956 um refsí- og bótaábyrgð þess, sem nafngreindur er sem höfundur blaðafnis.

Þar sem meiri hluti dómenda telur, að sýkna beri áfrýjanda, eru ekki efni til, að ég taki afstöðu til niðurstöðu héraðsdóms um ómerkingu einstakra ummæla, bótafjárhæð, refsingu eða skyldu til að greiða kostnað af birtingu á forsendum og niðurstöðu héraðsdóms.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 4. júlí 1995.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. júní sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 24. júní 1994, af Jóni Halldóri Bergssyni, Flétturima 12, Reykjavík, gegn Guðrúnu Kristjánsdóttur, Bárugötu 37, Reykjavík, Sigurði Má Jónssyni, Álfheimum 46, Reykjavík, Karli Th. Birgissyni, Tjarnarbóli 4, Seltjarnarnesi, og Pressunni hf., Nýbýlavegi 14–16, Kópavogi.

Dómkröfur.

I. Dómkröfur stefnanda á hendur stefndu Guðrúnu Kristjánsdóttur og Sigurði Má Jónssyni eru eftirfarandi:

1. Að eftirfarandi ærumeiðandi ummæli í 7. tbl. 7. árgangs vikublaðsins Pressunnar, sem kom út fimmtudaginn 17. febrúar 1994, verði dæmd dauð og ómerk:

— — —

Málavextir.

Málavextir eru þeir, að 17. febrúar 1994 birtist í 7. tbl. 7. árgangs vikublaðsins Pressunnar grein undir fyrirsögninni: „Gerir út á konur og tilfinningar.“ – Á forsíðu blaðsins var greinin kynnt mjög áberandi með yfirskriftinni: „Notfærir sér tilfinningalega veikleika kvenna og skilur þær eftir í rústum fjárhagslega“, – en síðan aðalfyrirsögnin, feitletruð með stórum upphafsstöfum: „Frægasti flagari bæjarins.“ Á forsíðu er einnig að finna undirfyrirsagnirnar: „Fyrir mér var hann algjör draumaprins.“ „Hann slær um sig með fimmþúsundkallana upp úr vösunum,“ og „Fjölskylda mín féll fyrir honum.“ Jafnframt var andlitsmynd af stefnanda, sem þakti verulegan hluta forsíðunnar. Forsíða blaðsins var þannig þakin umfjöllun um stefnanda máls þessa og uppsetning hennar með þeim hætti, að ekki fór á milli mála, að um var að ræða aðalfrétt vikunnar.

Á bls. 6 inni í blaðinu er að finna fyrrgreinda grein, undirritaða af stefndu Guðrúnu og stefnda Sigurði, en á umræddum tíma voru þau ritstjórnarfulltrúar hjá Pressunni. Er hún með yfirskriftinni: „Konur segja

farir sínar ekki sléttar í viðskiptum sínum við Jón Halldór Bergsson“, en aðalfyrirsögnin feitletruð með stórum stöfum: „Gerir út á konur og tilfinningar.“ Undir fyrirsögninni er svo stór andlitsmynd af stefnanda. Í grein þessari er að finna meginhluta þeirra ummæla, sem krafist er ómerkingar á, og eru þau ýmist komin beint frá stefndu eða sögð höfð eftir fyrrverandi sambýliskonum hans.

Einnig er á bls. 6 grein með fyrirsögninni: „Ferill flagarans“, og er sú grein óundirrituð. Er þar fjallað um starfs- og viðskiptaferil stefnanda ásamt fjárhagsstöðu hans.

Á bls. 7 er grein með fyrirsögninni: „Ég fór rosalega illa út úr þessu fjárhagslega“, sem sögð er byggð á frásögn fyrrverandi sambýliskonu stefnanda, en hún er ónafngreind. Grein þessi er óundirrituð og fjallar um samband sambýliskonu þessarar og stefnanda.

Stefnandi telur framangreinda umfjöllun fela í sér grófa og tilefnislausa árás á æru sína, svo að refsingu og bótaskyldu varði. Telur hann óhjákvæmlegt að leiða stefndu til ábyrgðar fyrir hin ómaklegu skrif og fá hin tilvitnuðu orð dæmd dauð og ómerk.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi byggir á því, að stefndu séu réttir varnaraðilar. Stefndu Guðrún Kristjánsdóttir og Sigurður Már Jónsson hafi bæði verið starfsmenn Pressunnar hf., sem gefið hafi út vikublaðið Pressuna. Bæði séu þau tilgreind sem ritstjórnarfulltrúar. Stefndu Guðrún og Sigurður birti bæði nöfn sín undir grein þeirri, sem hin ærumeiðandi ummæli birtust í og sé megin- tilefni máls þessa. Jafnframt sé þeim stefnt fyrir grein á bls. 6 með fyrirsögninni: „Ferill flagarans“, – þar sem þau muni vera höfundar hennar. Þau séu því réttir varnaraðilar málsins samkvæmt 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1956 um prentrétt.

Stefndi Karl Th. Birgisson hafi verið ritstjóri Pressunnar, og sé honum stefnt fyrir ærumeiðandi ummæli í grein á bls. 7, en grein sú sé óundirrituð. Jafnframt sé honum stefnt fyrir ummæli í grein á blaðsíðu 6, sem eigi að fjalla um feril „flagarans“. Varðandi hina síðastnefndu grein verði stefndi Karl einungis sóttur til ábyrgðar fyrir hana, viðurkenni stefndu Guðrún og Sigurður ekki að vera höfundar hennar. Sé því í raun um varakröfu að ræða vegna þeirra ummæla, og byggist hún á 2. mgr., sbr. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð einkamála í héraði. Samkvæmt 3. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1956 beri útgefandi blaðs eða ritstjóri ábyrgð á efni blaðs, þegar höfundur sé ónafngreindur, og sé stefndi Karl því réttur varnaraðili málsins vegna framangreindra ummæla.

Stefnda útgáfufélaginu Pressunni hf. sé stefnt til að þola, að heimilt sé að

krefja félagið um greiðslu dæmdra fjárhæða, sbr. 17. gr. laga nr. 57/1956 um prentrétt. Leiði því hagsmunir félagsins til þess, að nauðsynlegt sé að gera það að aðila málsins varnar megin.

— — —

Málsástæður og lagarök stefndu.

Sýknukrafa stefndu er reist á því, að umfjöllun Pressunnar sé studd sam-
tölum blaðamannsins við a. m. k. þrjár konur, sem hafi verið í sambúð eða
hafi staðið í tímabundnu ástarsambandi við stefnanda, þar af tvær barns-
mæður stefnanda. Allar hafi þær sagt stefnanda hafa skaðað sig verulega
bæði fjárhagslega og tilfinningalega. Það, sem komi fram í hinum umdeildu
blaðagreinum, sé rétt, og skýrt sé frá skv. bestu vitund og í samræmi við þær
upplýsingar og staðreyndir, sem blaðamenn höfðu yfir að ráða. Hafi tilefni
til skrifanna verið ótvírætt. Þá sé ekkert, er fram komi í umræddum blaða-
greinum, ærumeiðingar, aðdróttanir eða móðganir í garð stefnanda.

Þá sé sýknukrafa Guðrúnar og Sigurðar Más einnig reist á því, að nafn-
greining þeirra undir greinunum hafi verið mistök af hálfu ritstjórans. Hið
réttta sé, að þau hafi unnið að framsetningu þessa efnis ásamt öðrum blaða-
mönnum, en stefndi Karl hafi sett efnið í endanlegan búning og tekið
ákvörðun um birtingu. Stefndu Guðrún og Sigurður séu ekki höfundar
efnisins og eigi því ekki aðild að máli þessu, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 19/
1991.

— — —

Niðurstaða.

Svo sem fram er komið, er tilefni málshöfðunar þessarar greinarskrif um
stefnanda í 7. tbl. 7. árgangs vikublaðsins Pressunnar, sem út kom 17. febrú-
ar 1994. Stefndu Guðrún og Sigurður Már eru tilgreind sem höfundar
greinarinnar. Stefndi Karl Th. Birgisson er tilgreindur í blaðinu sem ritstjóri
þess. Málsókninni er því réttilega að þeim beint skv. 1. og 2. mgr. 15. gr. laga
nr. 57/1956 um prentrétt.

Það er álit dómsins, að blaðagrein sú, sem er tilefni þessarar málsóknar
og birtist í Pressunni 17. febrúar 1994 undir nöfnum stefndu Guðrúnar og
Sigurðar ásamt kynningu á forsíðu, feli í sér grófar og ærumeiðandi að-
dróttanir í garð stefnanda. Er þar vegið að persónu hans, siðferði og fjár-
hagsstöðu. Upplýst er, að stefnanda var ekki gefinn kostur á því að koma
að athugasemdum, áður en greinin var birt. Í umræddum skrifum felast
ásakanir á hendur stefnanda þess efnis, að hann notfæri sér konur og til-
finningar þeirra í fjárhagslegum tilgangi. Er í greininni vitnað til heimildar-
manna blaðsins, sem sagðir eru fyrrverandi sambýliskonur og kærustur
stefnanda. Heimildarmenn blaðamanna hafa ekki komið fyrir dóm til
skýrslugjafar, og hefur ekkert komið fram í málinu, er sanni eða styðji þess-

ar staðhæfingar blaðsins, sem verða því að teljast fram settar að tilefnislausu. Fallast ber á með stefnanda, að með umfjöllun stefndu um hann hafi verið farið út fyrir þau mörk, sem setja verði prentfrelsi, þ. e., að í skjóli þess séu ekki gerðar tilefnislausar og grófar árásir á æru manna, sem geti skaðað álit þeirra. Framanritað er haft í huga, þegar meta skal ummæli þau, sem krafist er ómerkingar á.

— — —

Refsikröfur.

Ummæli, sem samkvæmt framansögðu teljast refsiverð, voru öll birt í grein þeirri, er stefndu Guðrún og Sigurður eru tilgreind höfundar að. Við ákvörðun refsingar er litið til þess, að harkalega er vegið að persónu stefnanda, verðleikum hans og siðferði. Þykir greinin vera ein samfelld árás á æru stefnanda. Refsing stefndu Guðrúnar og Sigurðar vegna framangreindra brota gegn 235. gr. alm. hgl. nr. 19/1940 þykir hæfilega ákveðin sú, að hvort þeirra greiði 25.000 kr. í sekt til ríkissjóðs, en til vara komi sjö daga varðhald, ef sektin verður eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Sýkna ber stefnda Karl af refsikröfum.

Krafa um miskabætur.

Samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1991 skal sá, sem ábyrgð ber á ólögmati meingerð gegn æru manns, greiða þeim, er misgert er við, miskabætur. Með sömu rökum og að framan greinir svo og, að þau óviðurkvæmlegu ummæli, sem að framan eru rakin, þykja til þess fallin að rýra álit stefnanda, ber að fallast á kröfu hans um miskabætur. Þykja þær hæfilega ákveðnar 200.000 kr. Skulu stefndu Guðrún og Sigurður greiða þessa fjárhæð in solidum, en stefndi Karl skal vera samábyrgur fyrir 50.000 krónum af þeirri fjárhæð. Dráttarvextir dæmast af þessari fjárhæð frá dómsuppsögu til greiðsludags.

Krafa um greiðslu kostnaðar við birtingu dóms.

Með vísan til 2. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940 ber að dæma öll stefndu óskipt til þess að greiða stefnanda ákveðna fjárhæð til þess að standa straum af kostnaði við birtingu forsendna og niðurstöðu dóms í máli þessu í þremur dagblöðum. Þykir sú fjárhæð hæfilega ákveðin 200.000 kr.

Krafa skv. 17. gr. laga nr. 57/1956.

Með vísan til 17. gr. laga nr. 57/1956 ber að fallast á, að heimilt sé að innheimta þær greiðslur, sem stefnda Karli, fv. ritstjóra Pressunnar hf., er gert að greiða skv. dómi þessum, með fjárnámi hjá útgáfufélaginu Pressunni hf.

Hins vegar veitir greinin ekki heimild til þess að innheimta greiðslur, sem stefndu Guðrúnu og Sigurði er gert að greiða skv. dómi þessum, með þessum hætti.

Krafa um málskostnað.

Samkvæmt þessari niðurstöðu málsins ber stefndu að greiða stefnanda óskipt í málskostnað 170.000 kr., og er þá ekki tekið tillit til virðisauka-skatts.

Kristjana Jónsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð :

Framangreind ummæli skv. töluliðum I. 1.5, 1.6, 1.7, 1.12, 1.13, 1.14, 1.15, 1.16, 1.18, 1.19, 1.21, 1.22, 1.23, 1.24, 1.25, 1.26 skulu vera ómerk.

Ummælin „í viðtali við eina af fyrrverandi sambýliskonum hans varð persónulegt gjaldþrot ein af afleiðingum sambands hennar við Jón“ í tölulið I. 1.8 skulu vera ómerk.

Ummælin „og því gat ég ekki fengið annað út en þetta væri illa fengið“ í tölulið I. 1.17 skulu vera ómerk.

Framangreind ummæli skv. töluliðum II. 1.1, 1.2, og 1.3 skulu vera ómerk.

Stefndu Guðrún Kristjánsdóttir og Sigurður Már Jónsson greiði in solidum stefnanda, Jóni Halldóri Bergssyni, 200.000 kr. í miskabætur með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá dómsuppsögudegi til greiðsludags. Skal stefndi Karl Th. Birgisson vera samábyrgur fyrir 50.000 kr. af þeirri fjárhæð.

Stefndu Guðrún Kristjánsdóttir og Sigurður Már Jónsson greiði hvort um sig 25.000 kr. í sekt til ríkissjóðs, en til vara komi 7 daga varðhald, ef sektin verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Stefndu Guðrún Kristjánsdóttir, Sigurður Már Jónsson og Karl Th. Birgisson greiði in solidum stefnanda, Jóni Halldóri Bergssyni, 200.000 kr. til að kosta birtingu á forsendum og niðurstöðu dóms þessa í þremur dagblöðum.

Fjárhæðir, sem stefndi Karl Th. Birgisson er dæmdur til að greiða skv. dómi þessum, eru aðfararhæfar hjá útgáfufélaginu Pressunni hf.

Stefndu greiði in solidum stefnanda 170.000 kr. í málskostnað.